

146. löggjafarþing 2016–2017.
Þingskjal 3 — 3. mál.

Tillaga til þingsályktunar

um sálfræðiþjónustu í framhaldsskólum.

Stutt hugleiðing vegna ofangreindrar tillögu

Það er tvennt sem vert er að benda á í þessu máli.

Annars vegar það að samkvæmt breskri fyrirmynd um aukið aðgengi að sálfræðingum „Improving Access to Psychological Therapies“ er áætlað að eitt stöðugildi sálfræðings þurfi á hverja 9.000 íbúa (sjá: <https://www.velferdarraduneyti.is/frettir-vel/nr/35263>). Aðgangur að sálfræðiþjónustu er hið besta mál og miðað við okkar stuttu reynslu hér í Flensborgarskólanum af því að hafa sálfræðing (50% starfshlutfall) í húsi þá er þörfin mikil og vandinn brýnn. En svo kann að vera spurning hvort menn vilji eingöngu fara þessa leið eða hvort menn vilji t.d. skapa þær aðstæður í samfélaginu að eftirspurning minnki. Í heilbrigðisþjónustu myndu menn stöðva útbreiðslu faraldurs, og reyna að koma í veg fyrir nýtt fár. Hér þarf sömu hugsun.

Geðrækt, andrúmsloft öryggis og opinber stefna í málum sem varða sálarheill ungmenna er mun mikilvægari en margt annað.

Ég kalla eftir samfélagsátaki.

- Það þarf að byggja upp öflugt kerfi til að aðstoða þá sem eiga við vanda að stríða og þurfa sálfræðiþjónustu.
- Það þarf að einangra og hægja á útbreiðslu þess sem nánast virðist eins og faraldur.
- Það þarf að koma upp eins konar kerfi sem slær þennan fjanda niður, eins og gert var við berkla og fleiri sjúkdóma.

Það er ekki nóg að fjölga sálfræðingum og síðan beina fleiri sjúklingum til þeirra. Það þarf að ráðast að vandanum en ekki eingöngu höndla einkennin.

Sálfræðiþjónusta er Flensborgarskólanum afar mikilvæg. Við þurfum hana en við þurfum líka fyrirbyggjandi verkefni. Bráðnauðsynlega.

Virðingarfyllst

Mþ

Með vinsamlegri kveðju

M

=====

Magnús Þorkelsson/ M Thorkelsson

Skólameistari Flensborgarskóla

<http://www.flensborg.is/maggi/> flensborg@flensborg.is